

Rannsóknaskýrslur Þjóðminjasafns 2001

# 10

## Stálpastaðir, Skorradalshrepp

### Fornleifaskráning

Magnús A. Sigurðsson



Þjóðminjasafn Íslands

Reykjavík 2001

Ljósmynd á forsíðu: Mynd 1: Loftmynd af Stálpastöðum. (Byggðir Borgarfjarðar II: 239).

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands/Magnús A. Sigurðsson  
Öll réttindi áskilin.  
ISSN 1560-8050

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	5
Framkvæmd.....	6
Yfirlit yfir sögu byggðar á svæðinu.....	6
Vettvangsathugun.....	7
Heimildir.....	12
Viðauki:	
Túnakort.....	13



## Stálpastaðir, Skorradalshrepp. Fornleifaskráning

### Inngangur

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda í landi StálpastaðaI, Skorradalshrepp, var farið fram á það við minjavörð Vesturlands og Vestfjarða, að hann athugaði með fornleifar á viðkomandi lóð, en eigi er hægt að samþykkja deiliskipulag án undangenginnar skráningar, eða einsog segir í 11. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001:

...Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna....

Í 64. grein reglugerðar um þjóðminjavörslu (334/1998) er nánar kveðið á um fornleifaskráningu:

...Fornleifaskráning skal gerð undir stjórn fornleifafræðings. Við fornleifaskráningu skal þess gætt, að teknar séu saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki. Allir minjastaðir skulu færðir á kort og gerðar lýsingar og uppdrættir af þeim minjum sem sýnilegar eru. Fornleifaskráningu telst því aðeins lokið að út hafi komið fjölrítuð, prentuð eða stafræn skýrsla um hana. Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess samkvæmt skipulagslögum....

Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, grein 4.20.1 stendur:

Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð, í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga.

Skylt er að fram fari fornleifaskráning áður en gengið er frá skipulagi, sbr. 3.2. Fornleifaskráning skal taka mið af þeirri nákvæmni sem skipulag er unnið í og frekari skráning eftir atvikum fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.

Mjög brýnt er að sinna fornleifaskráningu áður en hafnar eru framkvæmdir því að ómetanlegar minjar geta legið hvar sem er. Allar framkvæmdir eru því viðkvæmt mál því að ekki er vitað hvað leynist á viðkomandi svæðum. Því getur það verið framkvæmdaaðila í hag að láta fram fara fornleifamat áður en hafist er handa, sbr.

13. grein þjóðminjalaga:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

En hvað eru fornleifar?

Í 9. grein Þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á,...  
Minjar 100 ára eða eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar,...

Ekki er um stórt svæði að ræða í þessu tilviki en hér hefur verið byggð frá landnámi, og því er brýnt að fara að öllu með gát.

### **Framkvæmd**

Þann 20. ágúst 2001 var gerð vettvangskonunn í landi Stálpastaða, í Skorradalshrepp. Var gengið um fyrirhugað framkvæmdasvæði og það borið saman við heimildir. Til er svæðisskráning á menningarminjum í Borgarfirði, unna af Fornleifastofnun Íslands. Var hún höfð til hliðsjónar, en þar eru samkvæmt heimildum skráðar 12 minjar í landi Stálpastaða.

Teknar voru myndir þar sem það átti við og skráð það sem fyrir augu bar.

Land Stálpastaða er í suðurhlíð Skorradalsháls. Lítið er um undirlendi og land að mestu leyti skógi vaxið. Skógrækt ríkisins hóf ræktun barrskóga 1952. Land Stálpastaða liggur að vestan að landi Dagverðaness, að norðan nær það að landi Skarðs og Snartastaða, en að austan Háfell. Að sunnan er Skorradalsvatn.

Til er örnefnalýsing yfir Stálpastaði sem Ari Gíslason skráði eftir Árna Kristjánssyni, þáverandi bónda þar, og Þrúði Gísladóttur, sem var fædd og uppalin á Stálpastöðum.

### **Yfirlit yfir sögu byggðar á svæðinu**

Stálpastaða virðist ekki vera getið í Landnámubók, en Skorradalur kemur mikið við sögu í Íslendingasögunum, t.d. Harðar sögu Grímkelssonar og Laxdælu. Brynjólfur Sveinsson, biskup, átti tuttugu jarðir í Borgarfirði og voru Stálpastaðir ein af þeim.<sup>1</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar eru Stálpastaðir metnir á 8 hundruð. Eigendi að Stálpastöðum 1709 var Valgerður Eyjólfadóttir, búandi að Skúmstöðum á Eyrarbakka. Ábúandi var Ásbjörn Jónsson. Í bústofninum voru fjórar kýr, ein kvíga að fyrsta kálfi, tveir kálfar, 40 ær með lömbum, tvær lamblausar, 19 tveggjavetra og eldri sauðir, 29 veturgamlir sauðir, þrjár hestar. Fóðrast geta þrjár kýr, tvö ungnaut, 20 lömb, 60 ær og tveir hestar. Skógur nógur til kolagerðar, eldiviðar, og raftviðar. Góð silungsveiði í Skorradalsvatni. Túninu grandar lækjarskriða úr fjalli.<sup>2</sup>

1847 voru þar 3 kúgildi samkvæmt Jarðatali Johnsen og jörðin talin vera 8 hndr. að verðleika.<sup>3</sup>

Eigendi frá 1951 er Skógrækt ríkisins.

---

<sup>1</sup> Byggðir Borgarfjarðar II:215.

<sup>2</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín: 166-167.

<sup>3</sup> Johnsen, J.: 112.



Mynd 2. Afstöðumynd af Stálpastaðum. (Byggðir Borgarfjarðar II: 220-221.)

### Vettvangsathugun

Einsog kom fram hér að framan þá er til svæðisískráning um Borgarfjarðarsýslu, en þar eru samkvæmt heimildum skráðar 12 minjar í landi Stálpastaða. Helst er um að ræða bæjarrústina og útihúsin.

**BO-138:001** heimild bústaður

„Bærinn var í dalitlum hjalla neðarlega í hlíðinni, vestarlega í landi jarðarinnar. Hús eru nær horfin. Enn stendur þó fjóshlaða, sem innréttuð var sem svefnskáli skógræktarmanna.“ BB II, 239 Túnakort 1918

**BO-138:002** heimild útihús

„Bærinn var í dalitlum hjalla neðarlega í hlíðinni, vestarlega í landi jarðarinnar. Hús eru nær horfin. Enn stendur þó fjóshlaða, sem innréttuð var sem svefnskáli skógræktarmanna.“ BB II, 239 Túnakort 1918

**BO-138:003** heimild útihús

„Bærinn var í dalitlum hjalla neðarlega í hlíðinni, vestarlega í landi jarðarinnar. Hús eru nær horfin. Enn stendur þó fjóshlaða, sem innréttuð var sem svefnskáli skógræktarmanna.“ BB II, 239 Túnakort 1918

**BO-138:004** heimild rétt Stálpastaðarétt

„Á [Markeyri] eru leifar gamallar skilaréttar, Stálpastaðarréttar, sem reyndar er nefnd Markeyrarrétt í landamerkjabréfu Háafells. Þessi rétt var lögð niður 1886 þegar Oddstaðarétt var tekin í notkun.“

„Forn skilarétt, Stálpastaðarétt, var á lítilli eyri við vatnið á austurmerkjum Stálpastaða, Markeyri, en hennar sjást nú engin merki vegna vegagerðar.“

Ö-Stálpastaðir, 1; BB II, 239

**BO-138:005** heimild stekkur Gamlistekkur

„Beint upp af Svartakletti er Gamlistekkur, og utan við hann og Svartaklett er Síngil.“ Ö-Stálpastaðir, 1

**BO-138:006** tóft stekkur Litlistekkur

„Beint upp af Svartakletti er Gamlistekkur, og utan við hann og Svartaklett er Síngil. Austan við gilið, hærra en Gamlistekkur, er leiti í hlíðinni, sem nefnt er Litlistekkur. Þar er tóft á leitinu.“

Ö-Stálpastaðir, 1

**BO-138:007** örnefni kolagröf Koleyri

Ö-Stálpastaðir, 1

**BO-138:008** heimild kvíar

„Þar [Koleyri] ofar, austan undan túninu, eru Kvíar.“

Ö-Stálpastaðir, 1-2

**BO-138:009** örnefni sel Selslakki

„Austan við Síngil, upp af Stekknum, er slakki í brúniina, sem heitir Selslakki.“

Ö-Stálpastaðir, 2

**BO-138:010** örnefni Húsatún

„Húsatún var niður undan fjárhúsunum.“

Ö-Stálpastaðir, 2

**BO-138:011** heimild brunnur Brunnflöt

„Brunnflöt var nefnd slétt flöt fyrir ofan veginn. Hana sléttaði Árni Kristjánsson, var hún kennd við gamlan brunn, sem þar var.“

Ö-Stálpastaðir, AV

**BO-138:012** örnefni Valagerði

Í Örnefnastofnun er varðveittur lauslegur uppdráttur af Stálpastaðalandi með númerum sem vísa á örnefni skv. meðfylgjandi skrá, gerður af Helga Benónýssyni. Þar er merkt Valagerði skammt fyrir ofan bæinn og virðist utantúns en engar skýringar er gefnar á nafni þessu.<sup>4</sup>

Enn stendur fjóshlaða í dálitlum hjalla neðarlega í hlíðinni, og var hún innréttuð sem svefnskáli skógræktarmanna. Austanmegin við fjóshlöðuna mótar fyrir minnst þremum rústum, en erfitt er að átta sig á aðstæðum vegna gróðurs. GPS hnit á miðrústinu eru: N 64°31.280 & V 21°26.567.

---

<sup>4</sup> Orri Vésteinsson: 57.





Mynd 3. Fjóshlaða. Eina uppistandandi byggingin á jörðinni.



Mynd 4. Rústirnar austanmegin við fjóshlöðuna.

Ofan við þessar rústir er stór slétt flöt þar sem skógræktin er með hugmyndir um einhverjar framkvæmdir. Ofan við þessa flöt er skógarjaðarinn. Rétt innan við hann er mannvirki sem virðist vera túngarður. GPS hnit á honum eru: N 64°31.324 & V 21°26.457.



Mynd 5. Túngarður inní skógarjaðrinum.

Ofar í hlíðinni og vestar er lítil rúst sem erfitt er að greina vegna þess hve þéttur skógurinn er, en hún gæti verið útihús sem kemur fram á túnkorti. GPS hnit á henni eru: N 64°31.317 & V 21°26.465.



Mynd 6. Óþekkt rúst.

Inn á milli trjáanna rakst ég einnig á hleðslu sem erfitt er að átta sig á en er lílegast leifar af vörðu. GPS hnit á henni eru: N 64°31.314 & V 21°26.504.



Mynd 7. Steinhleðsla, líklegast undirstaða vörðu.

Í svæðaskráningu Orra Vésteinssonar er skráð gömul skilarétt, Stálpastaðarrétt, sem á að vera á svokallaðri Markeyri, við austurmörki Stálpastaða. Ekki sjást nein ummerki um hana nú enda svæðið mjög gróið.



Mynd 8. Markeyri.

Mjög erfitt var að sinna skráningu þarna vegna þess hve landið er skógi vaxið. Austarlega í landinu eru skráðar minjar í svæðaskráningu en ómögulegt er að finna þær vegna þétts skógargróðurs, og því mikilvægt að benda framkvæmdaaðilum á aðgæðslu við allar framkvæmdir, enda má ekki hrófla við fornleifum samkvæmt þjóðminjalögum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem bárust undirrituðum þá er helst verið að hugsa um að koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn í rjóðrinu umhverfis bæjarrústirnar, og sé ég ekkert sem mælir á móti því svo lengi sem ekki er hróflað við rústunum sjálfum. Einnig væri vel til fundið að hreinsa frá minjum þegar skógurinn er grisjaður svo þær komi betur í ljós og fólk geti notið þeirra.

## Heimildir

Ágúst Georgsson, *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík 1990. (Handrit – útgefið)

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Fjórða bindi. Reykjavík 1982.

*Byggðir Borgarfjarðar II*. Borgarfjarðarsýsla og Akranes. Búnaðarsamband Borgarfjarðar 1989.

Eggert Ólafsson. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. Reykjavík MCMXLIII [1943].

Johnsen, J.: *Jarðatal á Íslandi*. 1847.

Orri Vésteinsson. *Menningarminjar í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar*. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996.

*Örnefnastofnun*. Stálpastaðir. Borgarhreppur.


*Túnaupprættir 1920-1921*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort



# Stíllfræstæði

SKORUDAL.



Páll Zóplóniásson  
1918.

Tinn og vatn 1/2 þýft.  
Tinnstæð: 279610 m.  
Gardur: 10540 m.